



**Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á ráðstefnunni „Landgræðsla á tímamótum”
Akureyri
18. apríl 1997**

Heiðruðu ráðstefnugestir,

Um þessar mundir er ólguveröld Vefarans mikla vakin til lífs á hátíðarári í menningarsögu Akureyrar. Sýningin er í senn merkur listviðburður og kraftmikil áminning um hverfuleika kenninga sem fara hamförum í hugmyndaheimi nýrra kynslóða. Arfleifðin sem varir er annarrar ættar. Rætur hennar eru í tungu okkar, íslenskunni, og ættjörðinni sem fóstrað hefur áa okkar um aldir og er nú fengin okkur til varðveislu.

Hið unga skáld opnaði þjóð sinni nýjan heim með galdravefnum um Stein Elliða og allt hans fólk og samferðamenn. Um hálfri öld síðar stóð það aldrað á Þingvöllum, hlaðið lofi, æðstu vegsemdum úr veröld heimsbókmenntanna og flutti landsmönnum ádrepu. Dagurinn var 1100 ára hátíð landnáms og búsetu á Íslandi. Boðskapurinn var áminning um að við værum að bregðast trúnaðinum við gengnar og óbornar kynslóðir. Náttúruspjöll af mannavöldum væru orðin meiri á Íslandi en nokkru öðru landi í Evrópu.

Vissulega brá mörgum við orð Halldórs Laxness á Þingvöllum. Sá tæpi aldarfjórðungur sem liðinn er síðan hefur því miður gert sannleika þeirra enn brýnni og naprari. Niðurstöður heildarathugunar Landgræðslu ríkisins og Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins á jarðvegsrofi á Íslandi staðfesta viðvörun skáldsins í Þingvallaræðunni.

Þær sýna að við erum búin að breyta okkar ástkæru fósturjörð í stærstu eyðimörk í Evrópu. Hnignun íslenskra gróðursvæða er líkust þeirri landeyðingu sem nefnd er eyðimerkurmyndun á alþjóðlegum vettvangi. Jarðvegsrof á Íslandi er með því mesta sem gerist á jörðinni allri utan þurrkasvæða.

Skýrsla Landgræðslu ríkisins og Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins um aðför Íslendinga að eigin ættjörð var einhver alvarlegasta viðvörðun sem þjóðinni hefur borist um langa hríð. Þess vegna er þögnin sem fljótlega umlukti hana í raun helfjötur sem rjúfa ber hið fyrsta.

Til lítils hlutum við sjálfstæði ef stjórnleysi og skammsýni verða til að breyta stórum hluta ættjarðarinnar í eyðimörk á líftíma okkar kynslóðar og þeirrar næstu.

Í upphafi þessarar aldar kröfðust Landvarnarmenn réttarstöðu sem hæfði sjálfstæðri þjóð. Við lok aldarinnar er brýnt að hefja nýja Landvörn, efla varnarbandalag um ættjörðina Ísland.

Vísindamenn telja að um 80% af landgæðum sem fólust í gróðri og jarðvegi við landnám hafi síðan tapast og líklega hafi mestar gróðurbreytingar orðið á þeirri öld sem senn er á enda, 20. öldinni.

Við aldamót er gjarnan spurt um ætlunarverk og þá enn frekar þegar nýtt árpúsund gengur í garð. Íslendingar vera líkt og aðrir að svara fyrir sig á slíkum tímamótum. Er nokkuð verk brýnna en að hefja nýja Landvörn? Að breyta Íslandi úr stærstu eyðimörk álfunnar í það gróðurland sem fagnaði forfeðrum okkar á fyrri tíð.

Ráðstefna okkar ber heitið „Landgræðsla á tímamótum” en í raun er það þjóðin öll sem gengur til móts við þá prófraun að verðskulda þetta land.

Ég óska Landgræðslu ríkisins heilla á afmælisári og Akureyringum til hamingju með ákvörðunina um uppgræðsluáttak.

Um leið er það ósk mín að þing og þjóð, stjórnvöld og fjöldasamtök rjúfi kröftuglega þögnina sem um of umlykur þá staðreynd að sífellt stærri hlutar Íslands breytist óðum í eyðimörk.

Vonandi berum við öll gæfu til að gera í sameiningu næstu öld að tíð nýrrar Landvarnar.